



1-1-2 Barnanúmerið
einn einn tveir

1-1-2 er ekki bara neyðarnúmer þegar slys verða og kviknar í. Það er líka barnanúmerið á Íslandi.

Flestum börnum líður vel. Eiga góða að og öruggt og gott heimili. En sum börn búa við vanhírðu og verða jafnvel fyrir áreitni og ofbeldi. Heilsu þeirra og velliðan er ógnað.

Þekkir þú barn sem býr við slíkar aðstæður? Býrð þú við slíkar aðstæður? Þá áttu að hafa samband við 1-1-2 og ræða við okkur. Í fullum trúnaði. Við höfum svo samband við barnaverndarnefnd ef ástæða er til.

Hringdu í okkur - þótt þú sért í vafa!

Tilkynningar til barnaverndarnefnda **110**

Karítas Gunnarsdóttir, sérfræðingur í barnahjúkrun, Landspítala

Tilkynningar um ofbeldi til barnaverndar

Tilkynningar til barnaverndar

- Tilkynna skal **grun** um ofbeldi; ekki aðeins staðfestar sannanir
- Ofbeldi á heimili eða í nærumhverfi barns er ofbeldi gegn barni
- Ofbeldið getur verið andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og stafrænt
- Starfsfólk barnaverndarnefnda metur hvort grunur sé nægjanlega rökstuddur og tekur ákvörðun um könnun máls



Hvað á að
gera ef barn
segir frá
ofbeldi?

Trúðu barninu

Tryggðu öryggi
barnsins

Hafðu samband við
barnavernd í 112


Það er mikilvægt að:

Barnið finni að það hafi gert rétt
með því að segja frá

Útskýra fyrir barninu að ofbeldið
sé ekki því að kenna

Muna að þín viðbrögð skipta máli
fyrir framtíðarhorfur barnsins og
hvernig það mun takast á við
afleiðingar ofbeldisins

Það er skylda þeirra sem grunar
eða vita af misnotkun í garð
barna að tilkynna til
barnaverndar.



Umfang vandans?

“Tölur um tilkynningar til barnaverndar eru bara toppurinn á ísjakanum”

- Áætlað er að 16.4 % barna á Íslandi hafi orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi (Rannsókn og greining, 2019)
- 1154 tilkynningar bárust barnavernd um líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum árið 2019

Ástæður tilkynninga

Vanræksla

Varðandi umsjón og eftirlit

Líkamleg, tilfinningaleg, varðandi nám

Ofbeldi

Tilfinningalegt/sálrænt

Líkamlegt

Kynferðislegt

Áhættuhegðun barna

Neysla

Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu

Barn beitir ofbeldi

Afbrot

Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt

Heilsa eða líf ófædds barns í hættu



Afleiðingar ofbeldis



Afturför í þroska
Breytingar á hegðun
Svefnvandamál, martraðir
Andleg vanlíðan s.s. leiði, depurð, þunglyndi
Sjálfsskaði - sjálfvígshugsanir
Árásargirni

Áfengis- og vímuefnaneysla
Afbrot og andfélagsleg hegðun
Óviðeigandi kynferðisleg hegðun eða orðfæri
Ótímabær þungun
Líkamleg einkenni s.s. höfuðverkir, kviðverkir
Áverkar s.s. marblettir, brunar, brot
Andlát

Heimasíður með upplýsingum

- [112.is](#)
- [barn.is](#)
- [barnaheill.is](#)
- [blattafram.is](#)
- [bvs.is](#)
- [Kvennaathvarf.is](#)
- [logreglan.is](#)
- [raudikrossinn.is](#)
- [stjornarradid.is](#)
- [unicef.is](#)



Barnaverndarlög nr. 80/2002, 4. kafli

Tilkynningaskylda gengur framur ákvæðum laga og siðareglna heilbrigðisstétta um þagnarskyldu

- Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:
 - a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður
 - b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða
 - c. stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu
- Einnig ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu